

Úrskurður 3/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um höfnun á beiðni um endurgreiðslu ofgreiddra aðflutningsgjalda.

Meginröksemdir kæranda voru að hann hafi pantað ranga vöru og hafi því skilað vörunum aftur til B. Í kjölfar skila á vörunum til B hafi A fyrir mistök greitt aðflutningsgjöld af vörunum. A krafist í málinu að Tollstjóri endurgreiði sér ofgreidd aðflutningsgjöld af umræddum vörum ásamt vöxtum.

Niðurstaða

Í 1. mgr. 69. gr. tollalaga kemur fram að heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur á skilgreindum geymslusvæðum, þ. á. m. í tollvörugeymslum. Vörunar sem um ræðir í málinu voru fluttar ótollafgreiddar hingað til lands. Vörunar voru svo fluttar milli geymslusvæða en slík tilfærsla er heimil samkvæmt ákvæði 80. gr. tolllaga að fengnu sérstöku leyfi tollstjóra.

Í gögnum málsins liggur fyrir afhendingarheimild þar sem fram kemur að Tollstjóri heimili að sending með sendingarnúmerið G verði afhent til flutnings í tollvörugeymslu K.

Við vinnslu málsins óskaði Tollstjóri eftir frekari upplýsingum frá K varðandi innsetningu á umræddum vörum inn í tollvörugeymslu K

Samkvæmt þeim gögnum sem aflað var á kærustigi og öðrum upplýsingum sem finna má í gögnum málsins taldi Tollstjóri að það lægi fyrir fullnægjandi sönnun fyrir því að umræddar vörur hafi borist í tollvörugeymslu í vöruhótel K.

Ákvörðun Tollstjóra dags. 27. mars. 2017 um synjun á endurgreiðslu aðflutningsgjalda var feld úr gildi. Fallist var á kröfu kæranda um að endurgreiða skuli kæranda aðflutningsgjöld að fjárhæð X auk vaxta skv. 2. mgr. 125. gr. tolllaga.